

REGLUGERÐ

um leigu eftir íbúðarhúsalóðir í Reykjavík.

1. gr.

Ársleiga eftir lóðir, sem Reykjavíkurborg leigir til íbúðarhúsabygginga til 75 ára, skal vera 0.5% — fimm af þúsundi. — af fasteignamatsverði lóðarinnar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1972 skal leiga samkv. 1. gr. vera 0.25% — tveir og hálfur af þúsundi — af fasteignamatsverði lóðarinnar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurborgar nr. 86 16. des. 1943, sbr. breyting frá 23. des. 1971, og öðlast hún gildi 1. janúar 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Námssjóð Kumbaravogs, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. desember 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Námssjóð Kumbaravogs.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Námssjóður Kumbaravogs, Stokkseyrarhreppi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í þeim tilgangi að styrkja til náms börn, sem komið hefur verið fyrir að Kumbaravogi af barnaverndarnefndum víðs vegar af landinu.

3. gr.

Sjóðurinn aflar tekna með fjárframlögum einstaklinga og félaga, sem styrkja vilja sjóðinn.

4. gr.

Sjóðstjórn er skipuð 3 mönnum, þar sem afl atkvæða ræður úrslitum. Einn skal skipaður af barnaverndarnefnd Stokkseyrarhrepps, annar skólastjóri Hlíðardals-skóla Ölfusi og þriðji skal vera forstöðumaður, eða forstöðukona Kumbaravogs.